



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 28. janúar 2022

Ágæta samverkafólk.

Í dag voru kynntar nýjar og rýmri sóttvarnarreglur af heilbrigðisráðherra og einnig aðgerðaáætlun um að aflétta smátt og smátt þeim takmörkunum sem þessum heimsfaraldri hefur fylgt í bylgjum. Nýja reglugerð má nálgast hér að neðan;

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Samkomuregluger%c3%b0%20fr%c3%a1%2029.%20jan%c3%baar%202022%20undirritu%c3%b0.pdf>

#### **Breytingar frá og með 29. janúar:**

- ✚ Almennar fjöldatakmarkanir fari úr 10 í 50 manns.
- ✚ Náandarregla fari úr 2 metrum í 1 metra.
- ✚ Óbreytt grímuskylda, sem tekur þó almennt mið af náandarreglu.
- ✚ Sund-, baðstaðir, líkamsræktarstöðvar og skíðasvæði verði heimilt að hafa opið með 75% afköstum.
- ✚ Íþróttakeppnir verði áfram heimilar með 50 þátttakendum og áhorfendur séu leyfðir á ný.
- ✚ Hámarksfjöldi í verslunum geti mest orðið 500 manns.
- ✚ Skemmtistöðum, krám, spilastöðum og spilakössum verði heimilað að opna á ný.
- ✚ Veitingastöðum, þ.m.t. krám og skemmtistöðum, verði heimilt að hleypa nýjum viðskiptavinum til kl. 23.00 en gestum verði gert að yfirgefa staðina kl. 00.00.
- ✚ **Á sitjandi viðburðum verði heimilt að taka á móti allt að 500 gestum í hverju hólfi, viðhalda skuli 1 metra náandarreglu milli óskyldra aðila auk grímuskyldu. Ekki verði þörf á hraðprófum.**
- ✚ Í skólum verði óbreyttar takmarkanir, þó þannig að þær verði aðlagðar framangreindum tilslökunum eftir því sem við á.

✚ Reglugerðin gildi í tæpar fjórar vikur til og með 24. febrúar.

**Samkvæmt þessum breytingum er messufært aftur og gleðiefni að fá að kalla fólk til samfélags við Guð og söfnuð. Þar sem messur eru sitjandi viðburður gildir 500 manna hámark með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í reglugerðinni eins og 1 metra regla milli óskyldra einstaklinga og grímskylda.**

Þetta á einnig við um útfarir.

Um æskulýðsstarf og fermingarkennslu gildir skólareglugerð sem finna má hér að neðan. Þar segir m.a. að fimmtíu börn mega vera saman í rými, börn þurfa ekki að bera grímu og þurfa viðhafa 1 metra reglu sín á milli.

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Sk%C3%B3laregluger%C3%B0%20fr%C3%A1%2029.%20jan%C3%BAar%202022%20undirritu%C3%B0.pdf>

Mér finnst eðlilegt að söfnuðir taki helgina sem framundan er í að finna aftur taktinn og skipuleggja helgihald og safnaðarstarf í samræmi við þessar breytingar. Það er því eðlilegt að horfa til næstu viku og þá opins helgihalds fyrstu helgina í febrúar.

En auðvitað er heimilt að telja í messu um helgina ef aðstæður eru fyrir hendi.

Ég hvet ykkur til að hafa samband við starfsfólk biskupsstofu ef ykkur vantar ráðgjöf eða frekari upplýsingar.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- ✚ **Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.**
- ✚ **Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.**
- ✚ **Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.**
- ✚ **Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.**
- ✚ **Allt starfsfólk er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.**

*Veturinn er liðinn, vorregnið að baki. Landið blómgast, tími söngsins er kominn, kurr turtildúfunnar heyrist í landi okkar. Fíkjutrén bera ávöxt, ilm leggur af blómstrandi vínviði.*

(Ljóðaljóðin 2. 11 – 13)

Ég bið þess að starf ykkar fyrir kirkjuna á árinu verði gjöfult og hamingjuríkt og líf ykkar gott og blessað.

Agnes M. Sigurðardóttir

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.